

Kennari:

Aðalheiður Ósk Tóbíasdóttir og
Lísa Mjöll Ægisdóttir

Kennslufyrirkomulag:

Kennsla inn í bekk og útinám

Tímafjöldi:

2 kennslustundir

Bekkur:

1. bekkur

Náttúru- og samfélagsfræði

Náttúru- og samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um manninn, samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýnin hátt, eðlisfræði, jarðfræði, líffræði og umhverfismennt. Þær greina einingar, samfélag og umhverfið frá hinum minnstu einingu (einstaklingi, fjölskyldu, heimabyggð) til hinna stærstu (þjóða, heims, vistkerfa). Samfélagsgreinar spanna fjölbættar námsgreinar eins og sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimsspeki ásamt siðfræði.

Teknir eru fyrir nokkrir námsþættir á hverju skólaári og unnið markvisst með þá. Innan samfélagsfræðinnar er fjallað um samfélag og menningu þar sem nemendur eru meðal annars fræddir um jafnrétti, lýðræði, sjálfbærni, umhyggju og virðingu sem á að stuðla að því að þroska hæfni þeirra til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra og skilja veruleikann. Hlutverk samfélagsgreina er að gera nemandann læsann á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig í mannlegu samfélagi og búa hann undir frekara nám og starf. Samfélagsgreinar deila viðfangsefnum sínum, gildum og markmiðum með ýmsum öðrum námsgreinum og námssviðum. Sérstaða þeirra felst í því hvernig þær ljá nemendum mikilvæg verkfæri til þess að þróa skilning sinn á sjálfum sér, öðru fólki og því umhverfi og samfélagi sem þeir hrærast í.

Undir náttúrugreinar flokkast náttúrufræði, eðlisfræði, jarðfræði, líffræði og umhverfis-mennt. Teknir eru fyrir nokkrir námsþættir á hverju skólaári og unnið markvisst með þá. Með kennslu í náttúrugreinum er stuðlað að því að nemendur öðlist færni í þeim og geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans ræðst af samspili manns og náttúru. Haft er að leiðarljósi að nemendur láti sig varða nánasta umhverfi sitt og lífsskilyrði lífveranna sem þar búa.

Náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og upplifun nemenda. Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Jafnframt er nemendum gert kleift að greina eigin stöðu og hæfni, efla eigið læsi, siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt.

Náttúru- og samfélagsgreinar eru samþættar með Byrjendalæsi í 1. bekk.

Náttúru- og samfélagsfræði

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Umhverfið Umferðaröryggi Líkaminn Ísland Hefðir Trúarbrögð Gildi	Halló heimur Uppbyggingar- stefnan Veraldarvefurinn Myndbönd Fræðibækur Komdu og skoðaðu líkamann	<ul style="list-style-type: none"> – þekki nærumhverfi sitt – þekki mikilvægi þess að flokka rusl og að ganga vel um umhverfi sitt – þekki mikilvægi og tilgang flokkunar – þekki umferðareglur og tilgang þeirra – þekki merkingu og tilgang algengra umferðarmerkja í nærumhverfi sínu – kynnist líkamanum og starfsemi hans – fræðist um algengar hefðir og hátíðisdaga á Íslandi – kynnist mikilvægum gildum 	Kennsluaðferðir byrjendalæsis Vettvangsferðir Útinám Beinar innlagnir Sýnikennsla Námsleikir og námsspil Umræður Verkefnavinna Sköpun Einstaklings, para og hópvinna
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága